
Róbert Marshall (Replik)

Mig langar að spyrja forsætisráðherra, út af síðustu orðum hans. Ástandið í Írak og Sírylandi, upplausn, flóttamannavandinn, ISIS - má að stórum hluta rekja til ákvarðana sem teknar voru á Vesturlöndum, þar með talið á Íslandi fyrir um tólf árum. Sýnir það ekki nauðsyn þess að á vettvangi ríkjasamvinnu á borð við Norðurlandaráð hafi menn veröldina alla undir og skipuleggi sig til langs tíma, til dæmis þegar kemur að málefnum Miðausturlanda, eins og Palestínu og Ísraels sem verið er að fjalla um hér?

Svo er ég með aðra spurningu um annað efni sem mig langar líka að bera hér upp. Það varðar umhverfismál. Það er nokkurt áhyggjuefni, sem fjallað hefur verið um í stórblöðum á borð við Washington Post, að vísindamenn eru að rannsaka kalt hafsvæði suður af Íslandi og Grænlandi, sem talið er líklegt að megi rekja til bráðnunar í Grænlandsjökli sem getur svo haft áhrif á Golfstrauminn með miklum afleiðingum, ekki bara fyrir Ísland heldur fyrir Norðurlöndin öll. Sér hann fyrir sér að hann geti með einhverjum hætti tekið að sér að leiða samvinnu Norðurlandanna á þessu sviði, stíga inn í þessa atburðarás, reyna að greina stöðuna og takast á við hana með einum eða öðrum hætti?

Skandinavisk oversættelse

Jeg har lyst til at spørge statsministeren i anledning af det, han lige sagde. Situationen i Irak og Syrien, opløsning, flygtningekrise, ISIS – kan for det meste forklares med beslutninger, som Vesten, herunder Island, traf for cirka 12 år siden. Viser det ikke nødvendigheden af, at man i et mellemstatligt samarbejdsforum som Nordisk Råd bør omhandle hele verden og være forberedt langsigtet, for eksempel når det gælder

Mellemøsten, herunder Palæstina og Israel, som vi nu diskuterer?

Så har jeg et andet spørgsmål om et andet emne, som jeg også har lyst til at bringe på bane. Det handler om miljøet. Det vækker en del bekymring, som bliver omtalt i store aviser som Washington Post, at videnskabsmænd er i gang med at undersøge et koldt havområde syd for Island og Grønland, som sandsynligvis skyldes nedsmeltning af Grønlandsisen, hvilket efterfølgende kan påvirke Golfstrømmen. Dette kan få alvorlige konsekvenser ikke blot for Island, men for hele Norden. Forestiller han sig, at han på nogen måde kunne gå i spidsen for et samarbejde mellem de nordiske lande på dette område, træde ind i forløbet, forsøge at analysere situationen og gøre noget ved den på en eller anden måde?

Information

Talenummer

70

Type

Replik

Person

[Róbert Marshall](#)

Talerrolle

Midtergrupper

Dato

27.10.15 19:21